

Tilmæli	18/2023
Tillaga	A 1874/hállbart
Afgreiðsla	Norræna sjálfbærninefndin

Nefndarálit um svar við tilmælum 18/2023 um norrænt loftlagsbandalag (A 1874/hállbart)

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að Norðurlandaráð taki svar við tilmælum 18/2023 um norrænt loftlagsbandalag til greina og álíti *afgreiðslu þeirra lokið* af hálfu ráðsins.

Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum

- að þau beiti sér saman fyrir því að loftslagsmarkmiðin í Evrópu verði uppfærð í samræmi við vísindalega ráðgjöf til að hægt verði að ná 1,5 gráðu markmiði Parísarsamkomulagsins

Svar norrænu ríkisstjórnanna

Í sameiginlegri yfirlýsingu umhverfis- og loftlagsráðherra norrænu landanna fyrir COP28 lýstu þeir yfir miklum áhyggjum af ástandi umhverfisins á plánetunni okkar. Þeir leggja áherslu á nauðsyn þess að auka viðleitni til að takmarka hækkun hitastigs á heimsvísu við 1,5 stig, þar sem lögð er áhersla á að IPCC AR6 sé ljóst að losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu verði að lækka strax og í síðasta lagi fyrir 2025 og að losun á heimsvísu verði að minnka um 43 % fyrir árið 2030 samanborið við árið 2019. Þetta þýðir tafarlausa, djúpa og varanlega minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda í öllum geirum á þessum áratug.

ESB og norrænu löndin eru í fararbroddi í loftlagsmálum. Með græna sáttmálanum hefur ESB tekið ákvörðun um loftlagslöggjöf og metnaðarfull markmið um að minnka losun um a.m.k. 55% fyrir árið 2030 miðað við árið 1990 og að ná kolefnishlutleysi fyrir árið 2050. Noregur og Ísland hafa sjálfstæð markmið fyrir árið 2030 samkvæmt Parísarsamningnum og munu hrinda þeim í framkvæmd í samvinnu við ESB. Með lagarammanum til að ná loftslagsmarkmiðinu 2030, Fit for 55 pakkanum, er nú bindandi löggjöf sem gerir ESB kleift að fara yfir loftslagsmarkmið sitt fyrir árið 2030 og draga úr



nettólosun gróðurhúsalofttegunda innan sambandsins um a.m.k. 57%. Til að geta náð langtímamarkmiði ESB um kolefnishlutleysi árið 2050 er mikilvægt að skýra umskiptin eftir árið 2030. Á vordögum mun framkvæmdastjórn ESB leggja til metnaðarfullt loftslagsmarkmið fyrir árið 2040. Mikilvægt er að norrænu löndin vinni saman að loftslagsmarkmiðið fyrir árið 2040 verði byggt á kröfum í evrópskum loftslagslögum og landsbundnum loftslagsreglugerðum um að stuðst verði við bestu núverandi vísindapekkingu, sérstaklega nýjustu skýrslur loftslagsnefndar Sameinuðu þjóðanna (IPCC). Markmið ESB verður einnig að byggja á ráðleggingum vísindalegrar ráðgjafarnefndar ESB um loftslagsbreytingar.

Norrænu löndin eru og verða áfram að vera leiðandi í loftslagsumskiptunum. Norðurlönd gegna ekki síst mikilvægu hlutverki við að stuðla að grænum og nýskapandi lausnum í norrænu löndunum, innan ESB og í heiminum öllum og stuðla þar með einnig að því að framtíðarsýnin um að Norðurlönd verði samþættasta og sjálfbærasta svæði heims árið 2030 verði uppfyllt.

Norrænu ríkisstjórnirnar telja hér með að orðið hafi verið við tilmælunum.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin lýsir mikilli ánægju yfir því að í svari norrænu ríkisstjórnanna er lögð áhersla á mikilvægi þess að Norðurlöndin vinni í sameiningu að því að loftslagsmarkmið ESB fyrir árið 2040 byggi á bestu fyrirliggjandi vísindaupplýsingum. Nefndin lýsir einnig mikilli ánægju yfir því að markmiðið fyrir árið 2040 skuli byggt á ráðleggingum ráðgjafarnefndar ESB um loftslagsbreytingar (European Scientific Advisory Board on Climate Change) um nýtt loftslagsmarkmið þannig að ESB-löndin minnki gróðurhúsalofttegundir um 90% árið 2040 miðað við árið 1990 og telur að norrænu ríkisstjórnirnar ættu nú þegar að fylgja vísindalegum ráðleggingum í öllum sínum landsbundnu loftslagsáætlunum.

Með þessu telur Norræna sjálfbærninefndin svar við tillögu 18/2023 um Norrænt loftslagsbandalag vera *afgreitt* af hálfu ráðsins.

Þórshöfn hinn 8. apríl 2024

Tove Elise Madland (A)

Karin Gaardsted (S)

Johan Andersson (S)

Åsa Karlsson (S)

André N. Skjelstad (V)

Anna Falkenberg (sb)

Rebecka Le Moine (MP)

Bella Forsgrén (gröna)

Heikki Autto (saml)

Lene Westgaard-Halle (H)

Marianne Bigum (SF)

Lars Andersson (SD)

Staffan Eklöf (SD)

Himanshu Gulati (FrP)

